

Nd.

289. Frumvarp til laga

[147. mál]

um eftirlit með happdrættum og almennum fjársöfnunum.

Flm.: Pétur Pétursson.

1. gr.

Lög þessi taka til þeirra einstaklinga eða félaga, sem efna til happdrætta, merkjasölu eða samskota, þar sem leitað er til almennings um þátttöku.

2. gr.

Þeir aðilar, sem um getur í 1. gr., skulu strax að fjáröflun lokinni birta skýrslu um árangurinn í Lögbirtingablaði. Í skýrslunni skal vera vinningaskrá, ef því er að skipta, heildarupphæð fjáröflunar, kostnaður, hvert fé hafi runnið eða eigi að renna.

Sé um skyndisöfnun að ræða, skal skýrslan birt strax að söfnun lokinni, en annars einu sinni á ári og eigi síðar en 1. apríl fyrir liðið ár.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til þess að hafa með höndum eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

Telji nefndin, að ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir hagnaði af fjáröflun samkv. 1. gr. eða að honum hafi ekki verið varið í samræmi við yfirlýstan tilgang, að öllu eða einhverju leyti, skal nefndin tilkynna það tafarlaust dómsmálaráðuneytinu. Dómsmálaráðuneytið getur svipt hlutaðeigandi aðila leyfi til þess að hafa fjársöfnun með höndum um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt, ef um fitrekað brot er að ræða.

4. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, og má setja í reglugerðina ákvæði um gjaldskyldu þeirra, er standa fyrir fjáröflun skv. 1. gr., til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit skv. 3. gr. og um skilyrði, er fullnægja þarf til þess að mega standa fyrir slíkri fjáröflun.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða allt að 100 000 kr. sektum.

Mál út af brotum þessum skulu rekin að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hverju ári fá fjölmargir aðilar leyfi til þess að safna fé meðal almennings með happdrættum, merkjasölu, undanþágu frá greiðslu á sköttum o. s. frv. Þetta er vitaskuld gert til þess að styrkja þau málefni, sem þessir aðilar berjast fyrir, og er hér einkum um að ræða ýmiss konar menningar-, félags- og mannúðarstarfsemi.

Á þennan hátt er geysimiklu fé safnað árlega. Nema þær upphæðir milljónatugum. Það virðist því einsýnt, að hið opinbera hafi eftirlit með því, hvernig fé þessu sé varið, og er það raunar sjálfsegð ráðstöfun, er almenningur á heimtingu á.

Með þessu er ekki verið að tortryggja þá aðila, sem nú annast þessi mál, heldur þvert á móti verið að koma í veg fyrir hugsanlega tortryggni og slúðursögur.